



Tæknigarður

UPPLÝSINGATÆKNIVER

Sara Ross Bjarnadóttir | Gerðaskóli | September 2021

TÆKNIGARÐUR

Tæknigarður er með aðsetur fyrir ofan bókasafn Gerðaskóla. Þar má finna aðstöðu með tækjum og tólum fyrir ýmsar nálganir í upplýsingatækni. Tæknigarður er opinn fyrir alla nemendur skólans. Nemendur í Snillitímum, Bræðingi og áhugasviðstímum hafa tækifæri á að vinna verkefni sín í Tæknigarði. Einnig hafa kennarar kost á að bóka tíma fyrir nemendahópa. Stundatafla um viðveru starfsmanna verður aðgengileg kennurum í Tæknigarði.

Kennslan í Tæknigarði er einstaklingsmiðuð og drifin af frumkvæði nemenda. Hlutverk þess sem kennir og þess sem lærir eru ekki hefðbundin það sem við vitum að börn á grunnskólaaldri geta auðveldlega skarað fram úr fullorðnum í þekkingu og færni. Starfsfólkið hefur þá umfram allt hlutverk þjálfara. Það aðstoðar nemendur, gefur tækifæri og leiðbeinir eftir föngum ásamt því að veita aðhald, hvetja og benda á aðrar leiðir.

Í Tæknigarði hefur tölvuumsjónarmaður aðsetur og viðveru. Tölvuumsjón hefur Sara Ross Bjarnadóttir. Hún tekur einnig á móti nemendahópum.

MARKMIÐ

Í Tæknigarði fá nemendur tækifæri til að nálgast viðfangsefni sín út frá margvíslegum sjónarhornum og velja nýstárlegar leiðir. Við það tvinnast saman tækni-, verk- og listgreinar. Nemendur þjálfast til að uppgötva sjálfir og þróa hugsunar- og vinnuáferðir sínar í nútímalegu tæknihverfi. Markmiðið með Tæknigarði er að víkka sjóndeildarhring nemenda með aðkomu tækni.

Nemendur fá aðstöðu til að vinna að verkefnum sem snúa að tölvum og forritun ásamt því að læra að vinna með stærri verkfæri s.s. fræsara. Nemendur fá tækifæri að vinna að hugmyndum sínum og þróa þær áfram með aðstoð tækninnar. Einnig er hér að finna tæknilego, tölvuver með borðtölvum, íhlutir fyrir vélmennagerð og forritanleg tæki. Markmiðið er að nemendur

- Læri að taka áhættu með því að prófa nýjar leiðir
- Læri með því að gera tilraunir
- Sýni úthald við lausn þrauta
- Nýti sér samvinnu

Við stofnun Tæknigarðs var lykilhæfni aðalnámskráar höfð til hliðsjónar. Þá er hæfni nemenda til að nýta margvíslega miðla, úrvinnsla og miðlun í fyrirrúmi.

Að nemendur geti:

- nýtt fjölbreytta miðla og hjálpartæki á ábyrgan hátt við að leita upplýsinga og til stuðnings í námi sínu
- notað sjálfstætt og í samvinnu með öðrum fjölbreytta miðla við skipulag, nýsköpun og þróun og framsetningu upplýsinga og hugmynda.